

## Hljóðritaður munur á framburðarmállýskum í samanburði við staðalframburð

ATH! Reykjavík er menningarlegur suðupottur og þess vegna má ætla að allar þessar mállýskur finnist þar. Staða þeirra er þó mjög missterk, t.d. er lokhljóðaframburður að mestu horfinn á upphafssvæði sínu fyrir norðan. Hann finnst fyrst og fremst í máli gamals fólks og alls ekki því öllu. Þar af leiðandi er alls ekki víst að dæmi um hann finnist í Reykjavík. Gætið líka að því að mikið var amast við flámæli á sínum tíma og skólakerfið skar upp herör gegn þeim sem voru flámæltir eins og sjá má á kaldhæðnu myndskreiði úr Orðbragði á Moodle. Fyrir vikið er flámæli líka félagsleg mállýska, það ber vott um lægra menntunarstig málhafa.

| Landshluti                            | Framburðarmállýska                | Orð    | Staðbundinn framburður              | Staðal-framburður     |
|---------------------------------------|-----------------------------------|--------|-------------------------------------|-----------------------|
| Norðurland                            | raddaður framburður               | mjólk  | [mjoulk <sup>h</sup> ]              | [mjou k]              |
|                                       | harðmæli                          | kaka   | [k <sup>h</sup> a:k <sup>h</sup> a] | [k <sup>h</sup> a:ka] |
|                                       | ngl-framburður                    | englar | [eiŋklar]                           | [eiŋlar]              |
|                                       | loklhljóðaframburður              | hafði  | [hapði]                             | [havði]               |
| Vesturland                            | vestfirskur einhljóðaframburður   | langa  | [laŋka]                             | [launka]              |
| Suðausturland                         | rn/rl-framburður                  | barn   | [pɑrn]                              | [patn̥] / [partn̥]    |
| Skaftafells-sýslur                    | skaftfellskur einhljóðaframburður | bogi   | [pɔ:jɪ]                             | [pɔj:ɪ]               |
|                                       | hv-framburður                     | hver   | [xvɛ:r]                             | [k <sup>h</sup> vɛ:r] |
| Austurland, Skagafjörður og Reykjanes | Flámæli: y/i = e                  | skyr   | [scɛ:r]                             | [sci:r]               |
|                                       | u=ö                               | fluga  | [flö:ʏa]                            | [fly:ʏa]              |